

Nr. 18-213 S 150 Breki VE 61***Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr.: 2861
IMO: 9755555
Smíðaður: Kína, 2017, stál
Útgerð: Vinnslustöðin ehf
Stærð: 1222,0 bt
Mesta lengd: 51,29 m *Skráð lengd*: 47,46 m
Breidd: 12,81 m *Dýpt*: 9,67
Vél: MAN, 1795 kW, 2015
Fjöldi skipverja: 15



Breki © Tryggvi Sigurðsson

Gögn:

Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 8. apríl 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 4. október 2018 var Breki VE 61 á togveiðum í Reynisdýpi. Veður: N 15 m/s.

Skipverji var í aðgerð þegar hann missti gripið á fiski og aðgerðarhnífurinn stakkst í vinstri framhandlegginn. Sárið var saumað saman um borð en hann varð óvinnufær.

Við rannsókn kom fram:

- að skipverjinn kvaðst hafa verið með illa brýndan hníf, með karfahanska og í yfirhöfnum sem hnífurinn fór í gegnum;
- að sárið var saumað saman með átta sporum.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.